

Læknishúsið á Hesteyri
Hrólfur Vagnsson
Móholt 4
415 Bolungarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. desember 2014
Tilvísun: UST20141200016/abg

Efni: Læknishúsið á Hesteyri, rafstöð

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 2. desember sl. frá Hrólfri Vagnssyni, þar sem óskað er eftir leyfi til þess að setja upp allt að 30 kw túrbínu/rafala fyrir Læknishúsið á Hesteyri í Hornstrandarfriðlandi.

Lýsing framkvæmdar:

Áætlað er að reisa lítið stöðvarhús. Samkvæmt afstöðuteikningu, fylgigönum 1, þá er húsið u.p.b. 2.5 x 2.5 m að flatarmáli. Að stöðvarhúsinu liggur niðurgrafin þrýstilög (180 m/m) og niðurgraffinn 3x50 q rafstrengur frá stöðvarhúsi að Læknishúsi. Engin notkun vélknúinna tækja er um að ræða þar sem aðrennslisrör og rafstrengur verða grafin með handaflí.

Aðrennslislögn u.p.b. 300 metrar liggur meðfram ánni og rafstrengur frá stöðvarhúsi að Læknishúsinu u.p.b. 800 m. Í erindi kemur fram að eina raskið sem mun eiga sér stað verði niðurgröftur aðrennslislagnar og rafstrengs. Gera má ráð fyrir því að ummerki verði sýnileg út sumarið en svo að öllu horfið sumarið 2016. Framkvæmdin á ekki að auka álag á svæðið með nokkrum móti þar sem framkvæmdin á að verða eins lítið sýnileg og kostur er. Lagnir koma ekki til með að sjást. Stöðvarhúsið er áætlað að staðsetja þannig að það sjáist helst ekki frá gönguleið og verður það hulið með gras- eða steinþaki.

Áhrifamat:

Hornstrandaneftnd tók erindið fyrir á fundi sínum 4. október sl. og skilaði eftirfarandi bókun:
Hornstrandaneftnd telur að framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á ákvæði friðlýsingar, enda sé farið að þeirri verklýsingu sem Hrólfur setur fram í bréfi, dagsett 29.10.2014 og öðrum skilyrðum og ákvæðum sem Umhverfisstofnun og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar kveða á um svo og reglum og lögum þar af lútandi. Jafnframt óskar nefndin eftir því að landvörður hafi eftirlit með að framkvæmdin stríði ekki gegn friðlýsingarákvæðum.

Óskað var eftir álti Skipulagsstofnunar dags. 10. desember um það hvort framkvæmdin félli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun svaraði bréfi Umhverfisstofnunar dags. 11. desember þar sem fram kemur að framkvæmdin falli ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun er umsjónaraðili með Hornstrandarfriðlandinu og starfar þar heilsárssérfræðingur sem hefur umsjón með svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar þá kemur framkvæmdin eins og henni er lýst ekki til með að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Hornstrandarfriðlandsins og að auki er það

jákvætt að með framkvæmdinni þá mun jarðefnaeldsneyti verða skipt út fyrir orku framleidda með vatnsaflí.

Skilyrði:


Umhverfisstofnun heimilar hér með fyrir sitt leyti framkvæmd við rafstöð á Hesteyri í Jökulfjörðum, Hornstrandaþróndum, að eftirtoldum skilyrðum uppfylltum:


- Að ekki verði um sýnilegt jarðrask að ræða á svæðinu í lok framkvæmdar eins og henni er lýst í umsókn.
- Að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um það hvenær framkvæmdin hefst.
- Landvörður Umhverfisstofnunar mun hafa eftirlit með framkvæmdinni meðan á henni stendur og frágangi hennar.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmd og frágangi á svæðinu.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Ísafjarðarbær